

ÁRSSKÝRSLA

2013

# EFNI

1	Starfsmannahald .....	1
2	Stjórn Fræðslunetsins .....	2
3	Bókhald .....	2
4	Afkoma .....	2
5	Húsnæði .....	3
6	Búnaður .....	4
7	Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins .....	4
7.1	Viðaukasamningar við FA .....	4
8	Símenntun fyrir fatlað fólk .....	5
9	Fræðslustarfið í máli og myndum .....	6
10	Náms- og starfsráðgjöf .....	13
11	Raunfærnimat .....	14
12	Raunfærnimat IPA .....	14
13	Þróunarsjóður framhaldsfræðslu .....	15
13.1	Þróunarverkefnum lokið á árinu .....	15
14	Þróunarverkefni styrkt af MRN .....	16
15	Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum .....	16
16	Samstarf við stofnanir og fyrirtæki .....	17
17	European agenda for adult learning .....	18
18	Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands .....	18
19	Námsvísir og annað kynningarefni .....	19
20	EQM-gæðaviðmið og ný skipulagsskrá .....	19

21	Nemendabókhalðið MySchool.....	20
22	Stíklunámskeið, Ísbrúarnámskeið .....	20
23	Kvasir og Leikn.....	20
24	Sóknaráætlun Suðurlands 20/20 .....	20
25	Námskeið og ráðstefnur .....	21
26	Umsókn Hornfirðinga um aðild að Fræðslunetinu .....	22
27	Niðurlag.....	23

## 1 STARFSMANNAHALD

Breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá Fræðslunetinu á árinu. Starfshlutfall Eydísar Kötlu Guðmundsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, var aukið úr 70% frá 1. jan. til 31. maí vegna verkefnaráðningar, frá 1. júní til ársloka var hlutfallið 80%. Aukningin felur í sér verkefnastjórn. Starfshlutfall Sólveigar Kristinsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, var aukið úr 80% í 90%. Aukningin felur í sér verkefnastjórn.

Rakel Þorsteinsdóttir verkefnastjóri yfir símenntun fatlaðs fólks minnkaði starfshlutfall sitt í 40% frá 1. júlí vegna fæðingarorlofs. Málfríður Erna Samúelsdóttir var ráðin í 60% hlutfall frá 1. ágúst til að sinna verkefnastjórn við símenntun fatlaðs fólks.

Kristina Tyscenko var ráðin í 70% starfshlutfall hjá Fræðslunetinu frá 1. janúar í þrif og móttöku og Sigríður Erna Kristinsdóttir í 20% starf við þrif (vinnusamningur öryrkja hjá TR). Kristina er sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands.

Árni Rúnar Þorvaldsson var ráðinn í 100% starf frá 1. júní með samningi við Sóknaráætlun Suðurlands til að sinna verkefnastjórn í Vestur-Skaftafellssýslu. Árni er sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélagsins með starfstöð í Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

Aðrar breytingar urðu ekki á starfsmannahaldi.

### STARFSMENN:

- Framkvæmdastjóri: Ásm. Sverrir Pálsson
- Verkefnastjóri: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir
- Verkefnastjóri: Sandra D. Gunnarsdóttir
- Verkefnastjóri: Rakel Þorsteinsdóttir
- Verkefnastjóri: Árni Rúnar Þorvaldsson
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Sólveig R. Kristinsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Eydís Katla Guðmundsdóttir
- Ritari/starfsmaður í móttöku: Árdís Dóra Óskarsdóttir
- Starfsmaður í móttöku/þrif: Kristina Tyscenko
- Þrif: Sigríður Erna Kristinsdóttir

## 2 STJÓRN FRÆÐSLUNETSINS

### EFTIRTALDIR SKIPA STJÓRN:

- Gylfi Þorkelsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Gunnar B. Þorsteinsson, varaformaður (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Ingvar Pétur Guðbjörnsson (kosinn af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Starfsfólki eru færðar þakkir fyrir dugnað og samvirkusemi í störfum sínum og stjórn fyrir uppbyggilegt samstarf.

## 3 BÓKHALD

Eins og áður var bókhaldsþjónusta keypt af skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Bókhaldið færir Ragnheiður Óskarsdóttir starfsmaður SASS. Bjarni Jónsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðaði reikninga Fræðslunetsins sem fylgja hér með.

## 4 AFKOMA

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings ársins 2013 eru:

Tekjur:	121.171.192
Gjöld:	134.221.131

Gjöld eru hærri en tekjur sem nemur kr. 13.049.939. Þegar tillit er tekið til fjármunatekna er rekstrartap ársins kr. 11.867.715. Raunar eru innkomnar tekjur ársins sem nemur kr. 10.114.397 hærri, en þessi upphæð er færð í reikningnum sem fyrirfram greiddar tekjur þar sem kostnaðurinn fellur til 2014.

Sé tekið tillit til innkominna tekna á árinu eru þær ekki fjarri því sem áætlað var í rekstraráætlun ársins eða kr. 131.285.589. Í rekstraáætlun var gert ráð fyrir rétt rúmlega 133 milljónum í tekjur.

Afskriftir milli ára hækka um rúmlega tvær milljónir sem skýrist af fjárfestingum sem fylgdu flutningum í nýtt húsnæði.

Tekjur ársins hafa ekki verið meiri í sögu Fræðslunetsins og hækka á milli ára um kr. 16.161.870

## 5 HÚSNÆÐI

Í upphafi árs hafði Fræðslunetið flutt með alla starfsemi sína á Selfossi í Fjölheima við Bankaveg og þar eru nú höfuðstöðvar þess. Í Fjölheimum eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, jafnt til bóklegrar sem verklegrar kennslu, s.s. handverksstofa og kennslueldhús, kaffistofa starfsfólks, vinnuaðstaða fyrir kennara Fræðslunetsins og tækjageymsla, lesstofa fyrir námsmenn, kaffistofa og hópvinnuaðstaða fyrir námsmenn auk funda- og viðtalsherbergja. Öll skólastofuborð og stólar hæfa nú fullorðnu fólki. Í Fjölheimum er fyrsta flokks vinnuaðstaða fyrir nemendur, kennara og starfsfólk. Fræðslunetið leigir húsnæðið af Sveitarfélaginu Árborg.

Auk aðstöðunnar í Fjölheimum leigir Fræðslunetið verknámsstofur hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands til sérhæfðari námskeiða og einnig verklegra þátta sums raunfærnimats.

Fræðslunetið hefur starfsstöð í Hvolsskóla á Hvolsvelli, skrifstofu og rúmgóða kennslustofu með nauðsynlegum kennslubúnaði auk fjarkennslubúnaðar. Fræðslunetið leigir húsnæðið af Rangárþingi eystra. Starfsmaður þar er Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir verkefnastjóri.

Starfsmaður Fræðslunetsins í Vestur-Skaftafellssýslu og nærsveitum hóf störf 1. júní með starfsaðstöðu í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Klaustri. Námsver í Kötlusetri var opnað 7. október og í Kirkjubæjarstofu 1. nóvember. Námsverin eru velútbúin til kennslu eða að öllu leyti sambærileg því sem gerist á öðrum starfsstöðvum Fræðslunetsins. Fjárfestingin í námsverunum var fjármögnuð af samningi sem ríkið gerði við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga í janúar 2013.

Starfsmaður þar er Árni Þorvaldsson.

Annars staðar á Suðurlandi fékk Fræðslunetið einkum inni í grunnskólum fyrir námskeið sín, s.s. á Flúðum, í Hveragerði og í Þorlákshöfn.

Fræðslunetið færir skólastjórum grunnskólanna, yfirmönnum Fjölbrautaskólans, umsjónarmönnum skólabygginga Fjölbrautaskólans og sveitarfélögum þakkir fyrir árangursríkt samstarf.

## 6 BÚNAÐUR

Aðbúnaður í Fjölheimum á Selfossi er hugsaður frá upphafi fyrir fullorðið fólk. Stólar og borð voru keypt inn með þarfir þess í huga. Í öllum kennslustofum eru kennslutæki sem hæfa nútímakennsluháttum, s.s. tjöld og skjávarpar, tússtöflur og greiðar nettengingar; í 5 rýmum af 11 eru að auki fjarfundabúnaðir. Hið sama er að segja um kennslustofuna á Hvolsvelli, námsver/kennslustofu í Vík og námsver/kennslustofu á Klaustri.

Nýir skjáir voru keyptir við fjarfundabúnaðina á Hvolsvelli, Vík og á Klaustri og 12 kennslutölvur til notkunar í Vík og á Klaustri.

Tölvukostur og annar tölvutengdur búnaður í eigu Fræðslunetsins er fullnægjandi á öllum starfsstöðvunum á Suðurlandi.

## 7 SAMSTARF VIÐ FRÆDSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er í gildi líkt og undanfarin ár, undirritaður 7. febrúar 2012 og tekur til þriggja ára. Slíkir samningar hafa verið gerðir árlega allt frá árinu 2006. Í þjónustusamningnum segir: „Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.“

Í þjónustusamningnum er kveðið á um framlag úr Fræðslusjóði til vottaðs náms sem meta má til eininga á framhaldsskólastigi, til náms- og starfsráðgjafar og til raunfærnimats. Um framlag til þessara verkefna skyldi gera sérstaka viðaukasamninga. Þá er grein um styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

### 7.1 VIÐAUKASAMNINGAR VIÐ FA

8. febrúar undirritaði Fræðslunetið viðaukasamning við FA um greiðslur til vottaðs náms, viðaukasamning um greiðslur til náms- og starfsráðgjafar og um greiðslur til raunfærnimats á móti námskrá í matartækni við Menntaskólann í Kópavogi.

6. september voru undirritaðir viðaukasamningar um greiðslur til vottaðra námsleiða, til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats á móti námskrá FA í verslunarfagnami.

23. október var undirritaður viðaukasamningur um náms- og starfsráðgjöf, viðbótarúthlutun.

## 8 SÍMENNTUN FYRIR FATLAÐ FÓLK

Á árinu var lögð áhersla á margbreytilegt námsframboð þannig að sem flestir fyndu nám við sitt hæfi, ekki síst þeir sem búa við mikla skerðingu. Námsmöguleikar fatlaðs fólks voru kynntir víða á Suðurlandi, s.s. á vernduðum vinnustöðum og á heimilum fatlaðs fólks. Einnig var námsframboðið kynnt fyrir starfsfólki Áss, dvalar- og hjúkrunarheimilis í Hveragerði og hjá Stróki á Selfossi, klúbbi fólks með geðraskanir. Kynningin var nýjung sem skilaði sér í þeim árangri að fólk á þessum stofnunum sótti um námskeið. Hingað til hefur þessu fólki ekki staðið það til boða að sækja námskeið.

Gefinn var út námsvísir sem sendur var til markhópsins í júnímánuði og á opinbera staði á Suðurlandi.

Námsmöguleikar fyrir fatlað fólk voru kynntir starfsmönnum félagsþjónustunnar í Rangárþingi ytra sem sáu svo um frekari kynningu hjá markhópnum í sveitarfélaginu. Þetta skilaði þeim árangri að nýir þátttakendur þar sóttu námskeið hjá Fræðslunetinu.

Á haustönn voru kennd 25 námskeið, 19 mismunandi tegundir af námskeiðum. Umsækjendur voru 48 talsins og heildarfjöldi þátttakenda var 88. Samanborið við vorönn 2013 var fjöldi umsókna 66, námskeiðin voru 28 og heildarfjöldi þátttakenda var 101. Fjórir námsmenn úr markhópi Fjölmenntar sóttu almenn námskeið hjá Fræðslunetinu á haustönn, einn þeirra í *Grunnmenntaskólanum*, einn í *Skrefi til sjálfshjálpar í lestri og ritun* og tveir í *Tölvu*, annar í Vík í Mýrdal og hinn á Selfossi.

Markmið með kynningu á starfseminni fyrir nýjum þátttakendum gengu eftir og skiluðu árangri með því að nýir þátttakendur sóttu námskeið.


Ráðgjafar Fjölmenntar veittu verkefnastjórum og leiðbeinendum kennsluráðgjöf.

Nýr þjónustusamningur við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð var undirritaður sl. haust og gildi fyrir haustönn. Framlag Fjölmenntar til símenntunar fatlaðs fólks á Suðurlandi dróst þá saman um 25% frá fyrri samningi. Búast hefði mátt við fleiri námskeiðum hefði þessi samdráttur ekki komið til enda hefur aðsókn aukist til muna.



## 9 FRÆÐSLUSTARFIÐ Í MÁLI OG MYNDUM

Í þessum kafla fara myndir sem sýna ýmsar tölulegar upplýsingar til skýringar á starfseminni og tala að mestu sínu máli.





Á næstu mynd eru námskeið flokkuð eftir eðli þeirra. Rétt er að benda á að skilin milli þess sem flokkað er sem atvinnutengd námskeið annars vegar og tómstundanámskeið hins vegar eru á stundum óljós.

Hugtakið námsbrautir er notað um námskrárbundnar námsleiðir FA með einni undantekningu þar sem námskeiðið Vinnan, lærdú og njóttu er hér talið sem námsbraut. Námskeiðið var 150 stunda tilraunaverkefni Fræðslunetsins með samvinnu við Fjölmennt.

Allar götur frá upphafi hefur Fræðslunetið reynt að leggja áherslu á fjölbreytt úrval af tómstundanámskeiðum enda eftirspurn eftir þeim verið tiltölulega mikil. Eins og sjá má af myndinni hefur þeim fjölgað verulega á milli ára. Árið 2013 hefur verið meiri áhersla lögð á handverksnámskeið í þessum flokki en áður.

Þá sýnir myndin mikinn mun á fjölda námskeiða fyrir fatlað fólk (Fjölmennt) á milli ára. Munurinn skýrist fyrst og fremst af því að aðeins haustönn 2012 kemur til talningar; símenntun fatlaðs fólks heyrði ekki undir Fræðslunetið á vorönn.



Árið 2013 var fjöldi nemenda 1498 á móti 1402 árið 2012.


Námsmenn í íslensku fyrir útlendinga eru næstum jafn margir árið 2012 og 2013.

Fræðslunetið sótti um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins til íslensku fyrir útlendinga fyrir alls 266 námsmenn á árinu. Samþykkt styrkloforð hljóðuðu upp á styrk fyrir allt að 240 námsmönnum.


Styrkir til íslensku fyrir útlendinga miðast við fjölda þeirra sem ljúka námskeiðum á fullnægjandi hátt.

Þegar bornar eru saman myndirnar af námsmannafjölda og nemendastundafjölda (bls. 7 og 9) þá kemur í ljós hvað námsbrautirnar (námsleiðir FA) vege þungt í fræðslustarfinu. Í námskeiðum fyrir fatlað fólk (Fjölmennt) atvinnutengdum námskeiðum, tómstundanámskeiðum og íslenskunámskeiðum eru fleiri námsmenn alls en á námsbrautunum, en hver námsmaður á námsbraut situr mun fleiri tíma en aðrir námsmenn Fræðslunetsins og því eru nemendastundir námsbrautanna svo margar.

#### Fjöldi nemendastunda alls



## Fjöldi nemendastunda eftir námskeiðsflokkum





Fjöldi nemendastunda er fenginn með fjölda nemenda (námsmanna) x fjölda námskeiðsstunda. Þannig fæst hvað nemendur alls sóttu margar kennslustundir hjá Fræðslunetinu.

Fræðslunetið hefur undanfarnar annir haldið ókeypis námskeið eða fyrirlestra sem höfða til almennings og ætla má að hafi samfélagslega þýðingu. Fjögur slík námskeið voru haldin á árinu með alls 95 þátttakendum. Árið 2012 voru fimm námskeið af þessu tagi haldin með 176 þátttakendum.


Á starfsárinu voru námskeið haldin á Kirkjubæjarklaustri, í Vík, á Hvolsvelli, Flúðum, Sólheimum, Selfossi, í Hveragerði og Þorlákshöfn.

Á næstu mynd, sem sýnir aldersdreifingu nemenda á námsbrautum og stökum námskeiðum, er eftirtektarvert að langflestir þeirra sem stunda nám á námsbrautum, eða mun lengra nám en aðrir, eru á aldrinum 26 – 55 ára.





Næsta mynd sýnir fjölda námsmanna eftir kynjum á hverri námsbraut fyrir sig, neðri myndin sýnir hlutfall kynjanna á brautum alls og á þriðju myndinni er fjöldi námsmanna á brautum án kynjaskiptingar.

## 2013- Kynjaskipting á brautum




## 2013 - Skipting eftir kyni - námsbrautir





Næstu tvær myndir sýna búsetu þeirra sem hafa sótt námskeið hjá Fræðslunetinu á árinu. Fyrri myndin tekur til þeirra sem stunduðu nám á námsbrautum. Bent skal á að í Reykjanesbæ eru tvö póstrúmer. Sú seinni tekur til námsmanna í stökum námskeiðum. Námsbrautir hafa ekki verið haldnar jafn víða og stök námskeið.





## 10 NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Í viðaukasamningi um náms- og starfsráðgjöf, sem byggist á þjónustusamningi við FA (sjá bls. 4) er miðað við fjölda og staðsetningu viðtala.

Tekin voru 657 viðtöl á árinu, einstaklings- og hópviðtöl, heldur fleiri en 2012 (sjá nánar töflu á bls. 14). Í uppgjöri, sem sent er FA, eru viðtölin flokkuð í einstaklings- og hópráðgjöf, hvort þau eru tekin á skrifstofu námsráðgjafa eða fjarri skrifstofu.

Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þessi þjónusta í starfseminni er mjög eftirsótt og hefur hjá mörgum orðið nýtt upphaf að námi. Séu þau þrjú ár sem taflan sýnir borin saman kemur í ljós að fjöldi viðtala er 1.862, viðtöl við karlmenn alls 852, viðtöl við kvenmenn alls 1.010.



FJÖLDI RÁÐPEGA EFTIR KYNI			
Ár	2013	2012	2011
<b>Karlar</b>	273	252	327
<b>Konur</b>	384	370	256
<b>Alls</b>	657	622	583

## 11 RAUNFÆRNIMAT

Fræðslunetið sótti um framlag frá FA til að halda raunfærnimat í matartækni. Á haustmánuðum stóð Fræðslunetinu til boða að sækja um viðbótarframlag til raunfærnimats (sjá bls. 4).

1. Raunfærnimatið í matartækni var haldið í samstarfi við FA, Iðuna og Menntaskólann í Kópavogi. 14 námsmenn luku mati, 13 konur og 1 karl, eða alls 240 einingum. (Matinu lauk í janúar 2014).
2. Raunfærnimat í verslunarfagnámi á móti námskrá FA. Eins og áður segir var samningur við FA um verkefnið undirritaður 6. september. Raunfærnimatið var undirbúið með kynningarfundum í Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

## 12 RAUNFÆRNIMAT IPA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leitaði verðtilboða í nokkur raunfærnimatsverkefni sem eru hluti af verkefninu „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun.“ Verðtilboðum Fræðslunetsins í raunfærnimat í málmsuðu, slátrun og skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum var tekið. Í framhaldinu voru samningar um þessi verkefni undirritaðir. Auk þessa var gerður samningur þar sem Fræðslunetinu er falin gerð gátlista og verkfæra í raunfærnimati fyrir hestamennsku.

1. Raunfærnimat í málmsuðu. Samningur við FA um verkefnið var undirritaður 3. maí og hófst þá undirbúningur matsins. Matið fór að mestu fram á haustmánuðum 2013. Þátttakendur í matinu voru 12 talsins. Mati lýkur í janúar næstkomandi. Matsaðilar voru Borgþór Helgason og Ingvar Grétar Ingvarsson

- kennarar í málmiðngreinum við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Verklegt mat fer fram í Verknámshúsi Fjölbrautaskólans.
2. Raunfærnimat í slátrun. Samningur við FA um verkefnið var undirritaður 3. maí. Undirbúningur hófst í september með kynningu á vinnustöðum og fundum með hagsmunaaðilum. Lokið var við gátlistagerð fagbóklegra og verklegra áfanga. Sjálft matið fer fram að loknu námskeiði fyrir matsaðila sem haldið verður á Selfossi 5. og 6. mars á næsta ári.
  3. Raunfærnimat fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða. Samningur við FA var undirritaður 25. nóvember. Undirbúningur hófst á önninni með kynningu með væntanlegum þátttakendum í matinu og vinnu við að ráða matsaðila á Suðurlandi í verkefnið.

Sólveig Kristinsdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri hafði yfirumsjón með áður nefndu raunfærnimati.

## 13 ÞRÓUNARSJÓÐUR FRAMHALDSFRÆÐSLU

Í júní undirritaði Fræðslunetið eftirfarandi samninga við Þróunarsjóð framhaldsfræðslu:

1. Tæki-færi. Greining á því hvaða þekking á sviði verk- og tæknimenntunar myndi styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði og um leið að koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Að lokinni greiningu lægi fyrir hvers konar nám þyrfti að þróa til að þjóna þessum þörfum.
2. Ull í mund. Að hanna og halda námskeið í ullarvinnslu í anda „Beint frá býli“. Verkefninu er ætlað að höfða einkum til kvenna í dreifðum byggðum.

Hvorutveggja samningarnir eru til tveggja ára.

Þá fengu Fræðslunetið og Símenntunarstöðin á Vesturlandi styrk hjá Þróunarsjóðnum til að semja námskrá að listnámsbraut fyrir fatlað fólk 18 ára og eldra sem býr við skerta náms- og starfsgetu og hefur litla skólagöngu að baki. Stöðvarnar hafa gert samstarfssamning sín í milli um verkefnið.

### 13.1 ÞRÓUNARVERKEFNUM LOKIÐ Á ÁRINU

1. Ritun kennslubókarinnar Járningar og hófhirða lauk á haustdögum. Fræðslunetið hafði fengið styrk úr Þróunarsjóðnum til verksins. Höfundur bókarinnar er Sigurður Torfi Sigurðsson járngameistari. Tilraunakennslu efnisins var hins vegar frestað til vorannar 2014.

2. Ritun kennslubókar í ensku fyrir fullorðna, A Job to be done. Fræðslunetið hafði einnig fengið styrk til þessa verks úr Þróunarsjóðnum.
3. Þróunarverkefni í fjarkennslu Fagnámskeiðs starfsmanna leikskóla. Styrkur fékkst einnig til þessa verkefnis úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Verkefnið var samstarf Fræðslunetsins, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Námskeiðinu lauk með staðarlotu á Laugum í Sælingsdal í mars; 9 nemendur Fræðslunetsins útskrifuðust af námskeiðinu.
4. Í janúar var botn sleginn í raunfærnimat í verslunarfagnámi sem unnið var í samstarfi við MSS.

## 14 ÞRÓUNARVERKEFNI STYRKT AF MRN

Eftirfarandi verkefnum, sem Fræðslunetið hafði fengið styrki til hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2012-2013, lauk á árinu:

1. Vinnan – lærðu og njóttu. Þróun á heildstæðu námi fyrir fólk með skerta starfsorku og/eða skerta námsfærni var unnið í samstarfi við Fjölmenn og snerist um að skipuleggja 150 stunda nám, skrifa námskrá, útbúa námsefni og tilraunakenna á vorönn 2013. Greinargerð og uppgjöri var skilað til ráðuneytisins í maí 2013.
2. Greining á námsþörfum nýrra þátttakenda hjá Fræðsluneti Suðurlands vegna samstarfs við Fjölmenn. Greiningarvinnan, ásamt spurningakönnun og rýnihópum og heildarniðurstöðum var falin Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Greinargerð og uppgjöri var skilað til ráðuneytisins í maí 2013.
3. Greining á námsþörfum fullorðins fólks á Suðurlandi, sem hefur verið í námi hjá Fræðslunetinu eða í ráðgjöf. Greiningarvinnan ásamt heildarniðurstöðum og framkvæmdaáætlun var unnin í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands. Greinargerð og uppgjöri var skilað til ráðuneytisins í maí 2013.
4. Feti framar. Skipulagning, tilraunakennsla og árangursmat á 120 stunda námskeiði fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun og stéttarfélögin Eflingu og Bárúna. Greinargerð og uppgjöri var skilað til ráðuneytisins í desember 2013.

## 15 SAMSTARF VIÐ MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM

Á árinu hófst samstarf Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslunetsins um fjarkennslu félagsliðabráar. Námsmenn Fræðslunetsins á brúnni voru 13 og luku 20

einingum. Á haustönn varð að ráði samskonar samstarf um kennslu leikskólabrúar. Hana sóttu 10 námsmenn hjá Fræðslunetinu sem luku 7 einingum.

Fjarkennslan fór í gegnum Microsoft Lync samskiptaforrit. Kennarar kenndu ýmist úr Reykjanesbæ eða frá Selfossi. Öll kennsla er tekin upp og sett ásamt verkefnum inn á námsumhverfið Moodle.

## 16 SAMSTARF VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

Samstarfi við Vinnumálastofnun Suðurlandi um úrræði fyrir atvinnuleitendur var haldið áfram. Sérstakt átak var gert í málefnum innflytjenda og Landnemaskóli I var haldinn víðsvegar um Suðurland á fyrrihluta ársins. Þá var Vinnumálastofnun meðumsækjandi að umsókn Fræðslunetsins um styrk frá Menntamálaráðuneyti til að þróa sérstakt námsúrræði fyrir útlendinga. Styrkurinn var veittur og var námsbrautin Feti frammar, 120 stunda námsbraut afraksturinn. Hún var kennd á haustönninni en þátttakendur voru 10 atvinnuleitendur. (Ánægjulegt er að segja frá því að í lok námskeiðs höfðu a.m.k. 3 þátttakendur fengið starf). Vinnumálastofnun átti þátttakendur á ýmsum öðrum námsbrautum sem Fræðslunetið hélt: Umhverfissmiðju, Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum, Skrefi til sjálfshjálpar og Sterkari starfsmanni. Auk þess sóttu þó nokkrir á þeirra vegum íslenskunámskeið, tölvunámskeið, fjármálanámskeið og stök námskeið af öðru tagi.

Aðrar stofnanir, fyrirtæki og félag, sem Fræðslunetið hafði samvinnu við um námskeiðahald á árinu eru m.a.: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Virk, starfsendurhæfing á Suðurlandi, Birta, starfsendurhæfing Suðurlands, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Auðbjörg ehf. (fiskvinnsla) Þorlákshöfn, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fræðslusetrið Starfsmennt í Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands, stéttarfélagin á Suðurlandi, Framvegis, miðstöð símenntunar, Kötlusetur í Vík, Kirkjubæjarstofa á Klaustri og Suðurlandsdeild Sjúkrliðafélags Íslands.

Þá hefur Fræðslunetið haft mikið og gott samstarf við Háskólafélag Suðurlands, m.a. um rekstur Fjölheima og námskeiðahald auk samstarfs um Sóknaráætlun Suðurlands.

Áður er fjallað um samvinnu við FA, sem er mikil; lðuna o.fl. um raunfærnimat; við aðrar símenntunarstöðvar um námskeið og raunfærnimat og við stofnanir og heimili fyrir fatlað fólk á Suðurlandi.

Símenntunardeild Fræðslunetsins fyrir fatlað fólk hefur samstarf við fjölda aðila, s.s. félagsþjónustu sveitarfélaganna á Suðurlandi, VISS á Selfossi og í Þorlákshöfn, heimili og

skammtímavistun fatlaðs fólks, þroskahjálp á Suðurlandi, réttindagæslumann fatlaðs fólks á Suðurlandi, Sólheima í Grímsnesi, Skaftholt og Kerlingardal.

## 17 EUROPEAN AGENDA FOR ADULT LEARNING

Fræðslunetið hafði samstarf við Mennta- og menningamálaráðuneytið og MSS um málstofu sem var liður í verkefninu European Agenda for Adult Learning. Málstofan bar heitið Nám án aðgreiningar og framhaldsfræðsla, haldin í sal MSS í Keflavík 3. október. Málstofan var fróðleg og vel sótt.

## 18 VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands, áður Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands, var stofnaður árið 2002 og hafa styrkir verið veittir úr sjóðnum árlega síðan þá. Tuttugu fyrirtæki, stofnanir og samtök á Suðurlandi styrkja nú sjóðinn með árlegum framlögum (sjá fylgiskjal 1). Fræðslunetið fer með umsýslu við sjóðinn.

Í samþykktum sjóðsins segir: „Sjóðurinn heitir Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í reglum þessum. Til sjóðsins er stofnað á vegum Fræðslunets Suðurlands ses. en frá og með 2010 er Háskólafélag Suðurlands ehf. einnig aðili að sjóðnum.” (1. gr.)

Í 2. gr. segir: “Markmið Vísinda- og rannsóknarsjóðsins er að styrkja stúdenta, sem eru að vinna að lokaprófsverkefni, til rannsóknarstarfa á Suðurlandi í samræmi við markmið skipulagsskrár Fræðslunets Suðurlands og samþykktir Háskólafélags Suðurlands.”

Áskilið er í samþykktum sjóðsins að rannsóknarverkefni verði að tengjast “Suðurlandi með ótvíræðum hætti og ritgerðin að fjalla um aðstæður tengdar Suðurlandi. Verkefnið skal þjóna ótvíræðum atvinnulegum/fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.” (6. gr., 2. tl.)

Á haustdögum var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn eins og reglur hans gera ráð fyrir. Auglýst var í Fréttablaðinu og í háskólum á landinu. Styrkupp hæðin var 1.250.000. Alls bárust 5 umsóknir (sjá fylgiskjal 2). Tveimur umsækjenda var veittur styrkur að þessu sinni: Jónasi Guðnasyni, sem stundar nám við Háskóla Íslands, fyrir doktorsverkefni sitt Gosrásarferlar í litlum til miðlungsstórum lág-Plíniskum og Plíniskum Heklugosum; og Sólrúnu Auðbertsdóttir fyrir meistaraþrófsverkefni sitt við Háskólann á Akureyri þjónandi forysta og vettvangsstjórnun viðbragðsaðila við eldgosíð í Eyjafjallajökli vorið 2010. (Sjá fylgiskjal 3 um styrkhafa frá upphafi).

Forseti Íslands afhenti styrkina á sérstökum hátíðarfundum sem haldinn var í sal Fjölbautaskóla Suðurlands 9. janúar 2014.

Styrkþegar sjóðsins frá upphafi eru orðnir 20 og styrktaraðilar sjóðsins eru einnig 20.

Fræðslunetið þakkar stofnaðilum og styrkjendum Vísinda- og rannsóknarsjóðs góðan stuðning á árinu.

## 19 NÁMSVÍSIR OG ANNAÐ KYNNINGAREFNI

Fræðslunetið gefur út bækling þar sem er kynning á starfseminni. Þá gaf Fræðslunetið út námsvísi tvisvar á árinu eins og venja er. Þar er framboð á námskeiðum kynnt og öðrum þáttum í starfseminni lýst. Námsvísinum er dreift um allt Suðurland, til heimila og fyrirtækja. Samfélagsmiðlar voru einnig notaðir til að auglýsa námskeið og fræðslu og kynningar sendar í tölvupósti til ákveðinna hópa. Náms- og starfsráðgjafar komu víða vegna starfa síns og kynna um leið störf sín.

Sú breyting varð á sl. haust að kynningar á námskeiðum fyrir fatlað fólk og skráningar á þau fara nú alfarið fram á heimasíðu Fræðslunetsins en ekki heimasíðu Fjölmennar eins og áður. Allt framboð á námskeiðum er nú birt á heimasíðunni. Í kjölfar umsóknar fá þátttakendur bréf sent heim með staðfestingu um námskeið og nánari upplýsingar, s.s. um tímasetningar, leiðbeinendur og fleira. Upplýsingar um laus pláss og annað námsframboð má finna í Námsvísi Fræðslunetsins sem dreift er í upphafi hverrar annar til allra heimila og fyrirtækja á Suðurlandi eins og áður segir.

Fræðslunetið heldur úti greinargóðri vefsíðu (<http://fraedslunet.is>). Þeim sem sækja upplýsingar á heimasíðuna fjölgar jafnt og þétt.

## 20 EQM-GÆÐAVIÐMIÐ OG NÝ SKIPULAGSSKRÁ

Innleiðingu á gæðaviðmiðum EQM lauk árið 2012 og gæðavottun Fræðslunetsins fékkst á árinu þar sem Fræðslunetið uppfyllti viðmið EQM um gæði í fræðslustarfi. Umfang vottunarinnar tekur til hönnunar og þróunar námskeiða, kennslu og almennrar umsýslu fullorðinsfræðslu.

Viðhaldsúttekt á gæðaviðmiðunum var gerð 17. desember. Engin frábrigði fundust.

Ný skipulagsskrá Fræðslunetsins var staðfest 22. júlí sl. af Ríkisskattstjóra, fyrirtækjaskrá, og heitir nú formlega *Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi ses.*

## 21 NEMENDABÓKHALDIÐ MYSCHOOL

Fræðslunetið hefur undanfarin ár notað skráningarkerfið Myschool sem hefur verið þróað á vegum FA. Kerfið hefur væntanlega verið innleitt hjá Fræðslunetinu að því marki sem gert verður. Með kerfinu er haldið utan um allar skráningar og nám námsmanna á námskeiðum og námsbrautum Fræðslunetsins og um leiðbeinendur.

## 22 STIKLUNÁMSKEIÐ, ÍSBRÚARNÁMSKEIÐ

13. ágúst sótti starfsfólk Fræðslunetsins og viðkomandi kennarar Stiklur 5 og 8. Innihald námskeiðanna er: félagsmiðlar, upplýsingamiðlar og vefþjónustur; tæknistutt nám – hljóðglærur og hljóðupptökur.

Einn aðalleiðbeinandi í íslensku fyrir útlendinga sótti námskeiðið greinabundin íslenskukennsla hjá Ísbrú 15. og 16. ágúst.

## 23 KVASIR OG LEIKN

Fræðslunetið á félagsaðild að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarstöðva. Í félaginu eru 11 símenntunarstöðvar á landinu sem eiga með sér margháttað samstarf um fullorðinsfræðslu og hagsmunamál stöðvanna. Samtökin halda jafnaðarlega vor- og haustfundu og skiptast stöðvarnar á að halda haustfundina.

Aðalfundur Kvasis var haldinn 21. maí á Hótel Hamri í Borgarfirði; aðalfundinn sat framkvæmdastjóri. Haustfundur var hins vegar haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 5. og 6. nóvember; haustfundinn sóttu auk framkvæmdastjóra Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir og Sólveig R. Kristinsdóttir.

Fræðslunetið er jafnframt aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Aðalfundur Leiknar var 21. maí á Hótel Hamri; framkvæmdastjóri sat fundinn.

## 24 SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS 20/20

Samningar um Sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir 22. mars 2013. 21. júní undirritaði Fræðslunetið samning við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um uppbyggingu símenntunar á miðsvæði Suðurlands. Í lýsingu á verkefninu segir í samningnum: „Ráðning starfsmanns í fullt starf með aðsetur í Vík til að sinna símenntun á miðsvæði Suðurlands, svæðinu frá Markarfljóti í vestri að Suðursveit í austri. Viðkomandi er starfsmaður Fræðslunets Suðurlands en verkefnið er samstarfsverkefni

FSS og Háskólafélags Suðurlands, HfSu. Áætlaður kostnaður á þessu ári er 6 m. króna vegna launa og starfstengds kostnaðar.“ Samningurinn gildi frá 1. júní til 31. desember.

Í krafti þessa samnings var ráðinn verkefnastjóri til að sinna símenntun á svæðinu og framhaldsfræðslu. Starfið þar eystra tók mjög vel við sér. Fjöldi námskeiða var haldinn, fjarkenndur sem staðkenndur og hefði það allt verið illgerlegt ef ekki hefði verið starfsmaður til staðar. Þá hefur verkefnastjóri sinnt nauðsynlegum kynningarmálum.

Í lokaskýrslu verkefnastjóra til SASS um verkefnið segir: „Segja má að kynningarmál hafi verið einn stærsti þátturinn í starfi verkefnastjóra FnS og HfSu á miðsvæðinu. Lögð hefur verið mikil áhersla á að kynna starfsemi félaganna með eins markvissum hætti og mögulegt er fyrir íbúum á svæðinu. Þetta hefur verið gert í gegnum skrif á heimasíður sveitarfélaga, félaganna sjálfra, með auglýsingum í staðbundnum miðlum og í gegnum samfélagsmiðla. Einnig hefur verið lögð mikil vinna í að heimsækja fyrirtæki og stofnanir á svæðinu til þess að kynna starfsemi og þjónustu félaganna. Verkefnastjóri hefur líka boðið fjarnemum á svæðinu að heimsækja námsverin til þess að þeir geti kynnt sér þá aðstöðu sem stendur þeim til boða að nýta sér. Þann 7. október sl. flutti verkefnastjóri erindi á málþingi Byggðastofnunar um Sóknaráætlun Suðurlands og uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu.“

Annað verkefni Sóknaráætlunar Suðurlands var að greina möguleika til samstarfs atvinnulífs og mennta- og fræðastarfs um virðisauka menntunar á Suðurlandi og vinna tillögur um aðgerðir. Nú liggja fyrir ítarlegar niðurstöður þessa verkefnis sem eru byggðar á umfangsmikilli könnun á fræðsluþörf sunnlenskra fyrirtækja og nokkrum rýnifundum á svæðinu.

Framkvæmdastjóri sat í framkvæmdaráði Sóknaráætlunar Suðurlands og í menntamálahópi um menntastefnu Suðurlands.

## 25 NÁMSKEIÐ OG RÁÐSTEFNUR

Nokkur helstu námskeið, ráðstefnur og fundir sem starfsfólk Fræðslunetsins sótti á árinu:

Fundur stjórnar Fræðslusjóðs og framkvæmdastjóra FA með forstöðumönnum símenntunarstöðvanna um skilmála og fjárframlög til vottaðra námsleiða í Reykjavík 27. júní.

Starfsfólk Fræðslunetsins sat námskeið Vinnueftirlitsins um áhættumat á Selfossi 18. júní.

Starfsfólk Fræðslunetsins sótti Stiklur 5 og 8 í Reykjavík, sbr. bls. 20.



Náms- og starfsráðgjafar sóttu ráðgjafarfundi FA á árinu, í Reykjavík 11. febrúar og 27. maí og í Fjölheimum á Selfossi 18. og 19. september; málþing á Degi náms- og starfsráðgjafar 1. nóvember í Hafnarfirði

Auk þessa sóttu starfsmenn, einn eða fleiri m.a.:

- Fyrirlestur hjá LAUF um flogaveiki 14. mars á Selfossi
- Málþing um menntun innflytjenda 7. maí í Reykjavík
- Ráðstefnu um raunfærnimat 16. maí á Akureyri
- Málþing um náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna 7. júní í Reykjavík
- Ráðstefnu um tæknistutt nám og kennslu 13. september í Reykjavík
- Málþingið Atvinnutækifæri til framtíðar 27. september á Selfossi
- Nám án aðgreiningar og framhaldsfræðsla, málstofa í Keflavík 3. október (European Agenda for Adult Learning).
- Málþing um verkefnið Brothættar byggðir 7. október á Kirkjubæjarklaustri

Hér er engan veginn allt upp talið af fundum og ráðstefnum sem tengjast fullorðinsfræðslu og starfsfólk sótti.

## 26 UMSÓKN HORNFIÐINGA UM AÐILD AÐ FRÆÐSLUNETINU

Umsókn barst frá Hornfirðingum 9. október um aðild að Fræðslunetinu, undirrituð af Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur formanni Afls, Eyjólf Guðmundssyni skólameistara Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og Þorvarði Árnasyni forstöðumanni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði.

Stjórn Fræðslunetsins fjallaði um umsóknina á fundi 31. október. Í fundargerðinni segir: „Stjórn Fræðslunetsins þakkar umsækjendum fyrir áhugann á samstarfi við Fræðslunetið. Almennt séð eru viðhorf stjórnar til málsins óbreytt (sbr. bókanir í fundargerðum 94., 95., 105. og 106. fundar). Stjórn samþykkir að hefja viðræður við umsækjendur um aðild að Fræðslunetinu, en ítrekar að áður en mögulegt er að samþykkja umsóknina verður að liggja fyrir samkomulag um aðild umsækjenda að stjórn Fræðslunetsins, sem er sjálfseignastofnun, og trygging fyrir nauðsynlegu viðbótarfjármagni vegna aukins rekstrarkostnaðar sem fylgir stærra svæði.“

(Viðbótafjármagnið fékkst tryggt í janúar 2014 og samþykkti stjórn aðild Hornfirðinga á fundi sínum 22. janúar).

## 27 NIÐURLAG

Fræðslunetið hefur nú starfað í 15 ár sem miðstöð símenntunar og framhaldsfræðslu á Suðurlandi og hefur þjónusta þess við Sunnlendinga vaxið ört. Á árinu voru opnuð ný námsver í Vík og á Kirkjubæjarklaustri og ráðinn nýr starfsmaður þar til að geta sinnt menntunarþörfum íbúa Vestur-Skaftafellssýslu og nærsveita betur en áður. Fyrir liggur stækkun starfssvæðisins við aðild Hornfirðinga.

Fjármögnun starfsins í Vestur-Skaftafellssýslu byggðist á áætlun til þriggja ára um Sóknaráætlun Suðurlands. Nú hefur fjármagn til sóknaráætlana minnkað til muna og ekki vitað hvernig Suðurlandi reiðir af við útdeilingu þess fjár 2014. Opinbert fjárframlag til framhaldsfræðslu í Sveitarfélaginu Hornafirði nær aðeins til ársins 2014. Það er því brýnt hagsmunamál Sunnlendinga að óvissu um framtíð starfseminnar verði eytt og sókn hafin í menntamálum landshlutans þar sem allir sitji við sama borð.

Að því mun starfsfólk Fræðslunetsins og stjórn þess vinna ötullega.

*Selfossi, 18. mars 2014*

*Ásm. Sverrir Pálsson*

*framkvæmdastjóri*